



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

## Kolefnissjóður Menntaskólans við Sund Skipulagsskrá

### 1. gr

Sjóðurinn heitir Kolefnissjóður Menntaskólans við Sund. Sjóðurinn er í umsjá Menntaskólans við Sund, kt. 700670-0589. Sjóðurinn er stofnaður til þess að halda utan um fé sem notað er til þess að kolefnisjafna ferðir nemenda og starfsfólks sem farnar eru á vegum Menntaskólans við Sund. Sjóðurinn er í vörslu Menntaskólans við Sund og heimilisfang hans er Gnoðarvogur 43, 104 Reykjavík.

### 2. gr.

Hlutverk Kolefnissjóðs Menntaskólans við Sund:

Að halda utan um fé sem notað er til kolefnisjöfnunar ferða á vegum skólans og sjá til þess að það verði notað til þess að kolefnisjafna þær ferðir og draga þannig úr kolefnisspori því sem hlýst af starfi skólans. Umhverfisnefnd Menntaskólans við Sund gegnir hlutverki sjóðsstjórnar og ákveður hverju sinni hvernig fjármagni sjóðsins er ráðstafað til kolefnisjöfnunar. Ábyrgðaraðili sjóðsstjórnar er rektor skólans.

### 3. gr

Tekjur sjóðsins er gjald sem lagt er á ferðir á vegum skólans og ræðst upphæð hverju sinni af útreiknuðum kostnaði samkvæmt viðurkenndum reiknivélum kolefnisspors svo sem hjá Kolvið og alþjóðlegum reiknivélum sem meta umhverfisáhrif flugs. Skólinn greiðir þetta gjald af ferðum á vegum hans sem eru skylduferðir en þátttakendur í valkvæðum ferðum á vegum skólans greiða sjálfir fyrir kolefnisjöfnun sinnar ferðar. Einnig er tekið við frjálsum framlögum í sjóðinn. Bankanúmer 0133-26-020208.

### 4. gr

Umhverfisnefnd skólans ákveður hvernig skuli kolefnisjafnað og hvort það er gert með trjárækt eða öðrum aðferðum til að binda kolefni úr andrúmslofti. Nefndin ákveður einnig hvort skólinn sjái sjálfur um kolefnisjöfnunina á tilteknu skógræktarsvæði eða styrki viðurkennda aðila eins og Skógrækt ríkisins eða Votlendissjóð til þeirrar framkvæmdar.

### 5. gr

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af þar til bærum skoðunarmönnum. Reikningsár skal vera almannaksárið.

MV.

6. gr

Breytingar á skipulagsskránni getur umhverfisnefnd Menntaskólans við Sund gert, í samráði við rektor ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður ráðstafar sjóðsstjórnin eignum hans og skulu þær þá allar renna til verkefna sem ganga út á kolefnisbindingu.

Reykjavík 15.1.2020



Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund

M.V.